

Nd.

316. Breytingartillögur

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 9. gr. stafl. a. Í stað »virðingarverði« í 1. málsg. kemur: fasteignamatsverði.
Í stað »virðingarverð eignarinnar óbættar« og út þann staflíð kemur: fasteignamatsverð eignarinnar óbættar.
2. Við 11. gr. Greinin orðast svo:
Í reglugerð má heimila, að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjélags Íslands, samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjélaganna.

3. Við 14. gr.

A. 2. málsg. orðast svo:

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, enda samþykki ráðherra söluverðið. Sömuleiðis má stjórn sjóðsins gefa út og selja fyrirfram vaxtabrjef fyrir alt að 500000 krónum, enda samþykki ráðherra söluna og upphæðina.

B. Síðasta málsgrein 14. gr. fellur niður.